



Futsal knattspyrnulögin - Stutt samantekt

Númerin fyrir framan fyrirsagnirnar gefa til kynna númerið á viðeigandi grein í futsal knattspyrnulögunum. Gott er að nota þessa samantekt til upprifjunar.

1) Völlurinn

Leikið er á handboltavelli á handboltamörk. Vítateigurinn er sá sami og í handbolta. Víti er tekið á vítateigslínunni (6 m). Einnig er merktur vítapunktur á 10 m., nefnist það ytra vítamerki.

2) Boltinn

Nota skal sérstakan futsalbolta. Nr. 4 í öllum aldursflokkum

3) Fjöldi leikmanna

Fjöldi leikmanna er 5 með markmanni. Varamenn mega vera 7. Skiptingar er frjálssar. Leikur er ekki stöðvaður þegar skipt er um markmann. Skiptingar fara fram á sérstöku skiptisvæði. Leikmaður skal áminntur þegar skiptingar eru ekki rétt framkvæmdar.

4) Búnaður leikmanna

Allir leikmenn skulu vera með legghlífar. Markmaður skal vera vel aðgreinanlegur frá öðrum leikmönnum.

5 – 7) Dómarinn, dómari 2, varadómari og tímavörður

Í hverjum leik skulu vera tveir dómarar (dómari og dómari 2) ásamt varadómara og tímaverði. Í yngri flokkum er ekki nauðsynlegt að hafa varadómara. Í því tilfalli að dómari og dómari 2 eru ósamála í dómum sínum gildir ákvörðun dómarans. Dómarar skulu gefa ritaraborði til kynna þegar brot er framið sem telst til uppsafnaðra leikbrota. Ritaraborð skal láta vita þegar uppsöfnuð brot í hvorum hálfleik eru 5 á hvort lið.

8) Leiktíminn

Leiktíminn í mfl. er 2x20 mínútur, 2x15 mínútur í hraðmótum. Leiktíminn skal stöðvaður þegar boltinn er ekki í leik, en ekki þó í hraðmótum. Hvort félag á rétt á einu leikhléi í hvorum hálfleik.

9) Upphaf leiks og leikur hafinn að nýju

Skora má úr upphafsspyrnu. Upphafsspyrna á miðju er tekin eftir hvert mark. Fjarlægð andstæðinga skal vera 3 m.

10) Knöttur í og úr leik

Ef bolti hæfir loft hússins skal andstæðingurinn taka innspark næst þeim stað sem boltinn snertir loftið.

11) Hvernig mark er skorað

12) Leikbrot og óviðeigandi hegðun

Rennitæklingar eru bannaðar.

Þegar leikmanni er vikið af leikvelli má nýr leikmaður koma í hans stað eftir tvær virkar mínútur. Bæta má við einum leikmanni ef lið er með færri leikmenn í sínu liði vegna brottvísunar og andstæðingurinn skorar.

Eftir að markvörður losar sig við knöttinn (með höndum eða fótum) má hann ekki snerta hann eftir sendingu frá samherja nema boltinn hafi farið yfir miðlínu eða verið snertur af andstæðingi. Þetta á við í hvert skipti þegar um er að ræða snertingu hvort heldur er með höndum eða fótum. Markvörður má bara hafa vald á knettinum í 4 sek. á eigin vallarhelming. Þetta á bæði við um snertingu með höndum og fótum. Dæmd er óbein aukaspyrna í báðum tilfellum.

13) Aukaspurnur

Andstæðingar skulu vera 5 m. frá boltanum í aukaspyrnum. Leikmenn hafa 4 sek. til að taka spyrnuna.

14) Uppsöfnuð leikbrot

Beinar aukaspyrnur teljast til uppsafnaðra brota. Þegar lið hefur brotið af sér 6 sinnum í hvorum hálfleik (beinar aukaspyrnur), fær andstæðingurinn aukaspyrnu (víti dæmt innan vítateigs) í hvert sinn eftir það sem tekin er á ytra vítamerkinu, nema brotið hafi verið nær, þá er það tekið á þeim stað. Varnarliðið fær ekki að setja upp varnarvegg. Markvörður skal vera a.m.k í 5 m. fjarlægð.

Þegar dómari veitir hagnað sem annars yrði dæmd bein spyrna á, skal það teljast til uppsafnaðra brota.

15) Vítaspyrna

Vítaspyrna er dæmd á beina aukaspyrnu innan vítateigs. Leikmenn skulu vera í 5 m. fjarlægð. Markvörður skal vera á marklínu.

16) Innspark

Leikmenn hafa 4 sek. til að taka spyrnuna. Mark er ekki skorað úr innsparki.

17) Markkast

Í stað markspyrnu er markkast. Mark er ekki skorað úr markkasti. Markvörður hefur 4 sek. til að losa sig við boltann.

18) Hornspyrna

Andstæðingar skulu vera 5 m. frá hornboganum í hornspyrnum. Leikmenn hafa 4 sek. til að taka spyrnuna.